



Reykjavík 25. september 2013

Niðurstaða athugunar á lánveitingum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til einstaklinga

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt athugun á lánveitingum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til einstaklinga, með vísan til 44. gr. laga nr. 129/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Athugunin var framkvæmd á öðrum ársfjórðungi 2013 með öflun gagna vegna 20 stærstu útlána lífeyrissjóðsins til einstaklinga og fyrirspurnum í tengslum við þau gögn. Niðurstöður athugunarinnar eru byggðar á þeim upplýsingum sem aflað var og miðast við stöðuna á þeim tíma sem athugunin fór fram.

Að mati Fjármálaeftirlitsins eru fyrrgreindar lánveitingar lífeyrissjóðsins í samræmi við gildandi lög, fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og lánareglur lífeyrissjóðsins.

Athugunin leiddi hins vegar í ljós að í fjórum tilvikum veitti lífeyrissjóðurinn lán þar sem litið var framhjá 10% varúðarálagi á reiknuð mánaðarleg útgjöld lánsúmsækjenda, sem lífeyrissjóðurinn lítur venjulega til við mat á greiðsluhæfi þeirra.

Fjármálaeftirlitið beindi því til lífeyrissjóðsins að setja sér reglur varðandi yfirferð á greiðslumati og tryggja með því samræmda framkvæmd við lánveitingar.

Í samræmi við 9. gr. a laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins birtir stofnunin hér með opinberlega niðurstöður nefndrar athugunar.